

Námsstíll – learning style

Hver og einn hefur tilhneigingu til þess að velja ákveðna aðferð til þess að vinna úr upplýsingum sem berast frá umhverfinu. Með námsstíll (learning style) er einfaldlega átt við það hvernig fólk aðlagar aðferðir sínar að námsaðstæðum. Þannig gefur námstíll nemandans til kynna hvernig honum finnst best að læra.

Hægt er að athuga eigin námsstíll en íslensk þýðing á spurningalista er komin á netið. (Þýðendur eru Elisabet Gunnarsdóttir og undirrituð). Þar er hægt að svara spurningum og fá strax niðurstöður á íslensku. Þessir spurningalistar hafa nýst vel þegar verið er að skoða með nemendum námsaðferðir þeirra og hvernig þeir geta náð sem bestum árangri í námi. Sérstaklega hefur þetta nýst vel nemendum sem stefna markvisst að árangri. Learning style eða námstíll er mikilvægt hugtak innan kennslufræðinnar, ekki bara kennslufræði lesblindra.

Slóðin er www.vark-learn.com og síðan er klickað á questionnaire og efst til hægri er valið Icelandic. Þá birtist spurningalistinn á íslensku og síðan er hægt að velja svör og fá niðurstöður um eigin námsstíll á íslensku og síðan ábendingar um hvað viðkomandi ætti að leggja áherslu á í samræmi við námsstíll (learning style).

Ég hvet alla til að nýta sér þennan spurningalista sem verkfæri að ná betri námsárangri. Þegar nemandi hefur svarað og fengið niðurstöður um eigin námstíll (þá leið sem hann helst velur að vinna með upplýsingar) þá er hægt að fara yfir ábendingar, íhuga og ræða námsaðferðir. Er þetta í samræmi við eigin upplifun? Hvaða aðferðir ætti nemandinn út frá þessum niðurstöðum að leggja áherslu á við námið?

Elín Vilhelmsdóttir

Hér er fróðlega síða um námsstíla

http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsstilar_dunn/